

Skólaráð

Fundur mánudaginn 28. janúar, 2019

Fundur settur kl. 16.

Mætt voru: Rebekka Rós Reynisdóttir og Klara Bjarnadóttir fulltrúar foreldrafélagsins, Guðrún María Brynjólfsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Sigurveig Önundardóttir og Valdís Inga Kristinsdóttir fulltrúar kennara og Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Tinna Dögg Siggeirsdóttir og Jón Fannar Sigurðsson fulltrúar nemenda. Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri og Guðlaug Erlendsdóttir aðstoðarskólastjóri er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun
2. Kynning á stöðu þróunarverkefna
3. Samstarf heimilis og skóla, foreldrafélag
4. Erindi frá byggingarnefnd grunnskóla
5. Önnur mál

Guðbjörg bauð alla viðstadda velkomna á fund Skólaráðs.

1. Rekstraráætlun skólans var kynnt fyrir Skólaráði. Farið var stuttlega yfir einstaka kostnaðarliði.
2. Á síðasta fundi Skólaráðs, nóvember 2018, var farið yfir þróunarverkefnin sem eru í gangi á þessu skólaári þegar starfsáætlun skólans var kynnt. Á þessum fundi var staða verkefnanna í dag kynnt.
3. Fjallað var um hugmyndir að auknu samstarfi heimila og skóla og farið var yfir hvað hver árgangur gerði í þessum málum á haustönn 2018. Kallað var eftir hugmyndum frá Skólaráði, foreldrafélaginu og nemendum um hugmyndir að auknu samstarfi.
4. Erindi frá byggingarnefnd grunnskólans var lagt fyrir Skólaráð þar sem óskað var umsagnar um kosti og galla þess að flytja elsta stigið í Hópsskóla og yngsta stigið á Ásabraut.
5. Önnur mál.
Ekki voru borin upp önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:10

Guðlaug Erlendsdóttir